



Félag háskólakennara

6. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2023/2024 haldinn miðvikudaginn 4. október 2023, Dunhagi 3, kl. 11

Fundinn sátu: Baldvin Zarioh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Haukur Logi Karlsson, Íris Davíðsdóttir, Jóna Margrét Ólafsdóttir, Ármann Höskuldsson og Arngrímur Vídalín. Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri, ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Kynning: Kolbrún Halldórsdóttir, formaður BHM kemur til fundar við stjórn Fh kl. 11.

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 6. september 2023.
 2. 7. gr. vinnan
 3. Framhald vinnufundar stjórnar um kjaramál.
 4. Kjarakönnun akademískra með áherslu á vinnumat.
- Önnur mál, erindi vegna „spara.is“

Baldvin bauð Kolbrúnu Halldórsdóttur, formann BHM velkomna á stjórnarfund Fh. Kolbrún þakkaði fyrir góðar móttökur og sagði m.a. frá því að hún hefði óskað eftir því að hitta stjórnir aðildarfélaga BHM og er nú þegar búin að hitta nokkrar og á bókaða tíma með fleirum. Hún sagði frá þeirri þjónustu sem BHM veitir sínum aðildarfélögum og vildi heyra viðhorf stjórnarmanna til BHM. Góðar umræður sköpuðust vítt og breytt um hlutverk og þjónustu BHM. Kolbrún vildi einnig ræða um málefni stundakennara. Ákveðið var að fresta þeirri umræðu þar sem búið er að ákveða sérstakan fundartíma fulltrúa BHM og Fh vegna málsins. Að lokum sagði Kolbrún frá aðdraganda, vinnu og stöðu í svokallaðri 7. gr. vinnu. Stjórnarfolk fékk svör við ýmsum vangaveltum vegna málsins. Að lokum var Kolbrúnu þakkað fyrir góða kynningu og umræður.

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 23. ágúst 2023

Fundargerð var samþykkt.

2. 7. gr. vinnan.

Umræður og staða vinnunar hafði átt sér stað í kynningu og umræðum við formann BHM.

3. Framhald vinnufundar stjórnar um kjaramál, 28. september

Ákveðið var að framkvæmdastjóri „fínþússi“ kröfugerð sem unnið var með á vinnufundi stjórnar. Ákveðið var einnig að halda annan vinnufund, til að ganga endanlega frá kröfugerð og næstu skrefum í kjaramálum. Fundartími ákveðinn 25. okt. í Dunhaga 3, frá kl. 11:30 – 13:30.

4. Könnun Fh, FPR og FHA um vinnumat

Jens sagði frá stöðunni. Jens hafði fyrir fundinn sent drög að könnuninni sem er nánast tilbúin, til stjórnarmanna. Rætt var um könnunina, áherslupunkta og tilgang. Gerð könnunarinn er á lokametrunum og áætlað er að senda hana starfsheiti akademísks félagsfólks í október.

Önnur mál:

- **spara.is**

Stjórnin hafði fengið erindi frá félagsmanni um að skoða möguleik á því að HÍ eða félagið bjóði upp á afsláttartilboð frá fyrirtækinu spara.is. Ákveðið að koma þessu erindi áfram til BHM.

Fundi lauk um kl. 13:00.

Næsti fundur ákveðinn 1. nóvember 2023, kl. 11:45.